

Velferðarstefna

Heilsa starfsfólks er góð fjárfesting. Við bjóðum upp á gott starfsumhverfi og þannig stuðlum við að ánægju og vellíða starfsmanna, bæði í starfi og einkalífi. Markmið velferðarstefnu Orkunnar er að bæta lífsgæði og vinnuumhverfi starfsfólks og viðhalda með því aukinni starfsánægju og frábærum starfsanda.

Það er stefna Orkunnar að efla heilsuvitund starfsmanna með því að:

- Hvetja starfsmenn til að stunda heilsurækt af ýmsu taki og veita fjárhagslegan stuðning til að auðvelda ástundun. Upplýsingar um niðurgreiðslu er inn á innri vef Orkunnar. Andleg heilsa skiptir jafn miklu máli og líkamleg heilsa. Orkan tryggir starfsfólki aðgengi að sérfræðingum þegar við á.
- Stjórnendur og starfsmenn bera sameiginlega ábyrgð á því að vinnuaðstaða og aðbúnaður starfsfólks sé í lagi.
- Reglulegar heilsufarsmælingar, bólusetningar og fræðsla um líkamlega og andlega heilsu.
- Vera í samstarfi við Heilsuvernd/Vinnuvernd varðandi veikindi starfsfólks.

Mælanlegur ávinningur heilsustefnunnar:

- Aukin þekking og skilningur á heilsueflingu
- Breyttar venjur varðandi næringu og hreyfingu
- Betri líkamleg heilsa
- Betri andleg heilsa
- Færri veikindadagar
- Betra vinnuumhverfi
- Betri heilsutengd ímynd Orkunnar

Velferðarpakki Orkunnar

Starfsmaður í fullu starfshlutfalli sem hefur unnið hjá Orkunni í 6 mánuði fær styrk frá eftirtöldum aðilum; Líkamsræktarstöðvum, sundstöðum, skíðastöðum eða íþróttafélögum. Starfsfólk í hlutastarfi eiga rétt á hlutfallslegri greiðslu miðað við starfshlutfall.

Starfsmaður getur einnig sótt um í gegnum Heilsuvernd eftirfarandi:

- Sálfræðiráðgjöf
- Áfallahjálp
- HAM námskeið
- Streitu- og tilfinningastjórnun
- Hjónabands-, uppeldis- og fjölskylduráðgjöf
- Lífsstílsráðgjöf
- Ráðgjöf næringafræðings
- Ráðgjöf félagsráðgjafa
- Ráðgjöf sjúkráðgjafa
- Markþjálfun

Samþykkt af stjórn Orkunnar 27. febrúar 2025.